

Benedikt Björnsson,  
arkitekt  
Túnbrekku 4  
200 Kópavogi

Umhverfisstofnun
Áb. _____
24. sep. 2010 10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. september 2010  
Tilvísun: UST20100400123/ksj

### Skagabyggð. Aðalskipulag 2010 - 2030. Tillaga.

Vísað er til erindis Teiknistofnu Benedikts Björnssonar er barst 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010 – 2030.

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu sveitarfélagsins um hverfisverndun fimm svæða í sveitarfélaginu, og reglur þar að lútandi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Skagabyggðar 2010 – 2030

#### Umhverfisskýrsla

Í umhverfisskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir uppbyggingu iðjuvers í landi Hafurstaða, þar sem nú eru ræktuð tún. Um er að ræða hugmyndir um uppbyggingu iðjuvers sem notar 15 - 20 milljónir kw/h á ári. Einnig kemur fram að hvorki gróðurannsóknir, athuganir vegna umhverfismála né aðrar grunnrannsóknir hafi farið fram. Þó kemur fram að gert er ráð fyrir mannvirkjum sem búast má við að verði all áberandi í umhverfi sínu, og að þess vegna þurfi að standa vel að hönnun og frágangi þeirra. Að mati Umhverfisstofnunar er lítið vitað um væntanlegt iðjuver að svo komnu máli og vísar stofnunin umsögnum um væntanlegt iðjuver til seinni stiga, enda er samanburður á litlu iðjuveri og meðalstóru iðjuveri ásamt höfn nokkuð fálmkenndur. Umhverfisstofnun tekur undir að náttúrufarsleg röskun vegna byggingar meðalstórs iðjuver er meiri en ef byggt er lítið iðjuver.

#### Samanburður kostna

Í skipulagstillögunni er áætlun um að reisa höfn í landi Hafurstaða í tengslum við áætlað iðjuver. Umhverfisstofnun bendir á að stutt er í hafnir á Skagaströnd og Blönduósi og telur að í mati á hafnarsvæði ætti að koma fram samanburður á kostum og sá kostur hafður til samanburðar að iðjuver í Skagabyggð nýti nálægar hafnir, þá yrði ekki af þeirri röskun á strönd og nærliggjandi svæðum sem leiðir af hafnargerð í landi Hafursstaða.

#### Umsagnir og samráð

Í kafla um umsagnir og samráð kemur fram að samráð hafi verið haft við Umhverfisstofnun


um náttúruvernd, flokkun strandsvæða og vatnasvæða. Slíkt samráð hefur ekki farið fram og á sá texti ekki heima í skipulagstillögunni.

### Skógrækt

Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um aðalskiplagstillögur bent á mikilvægi þess að í aðalskiplagi sé gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við kafla 4.14.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Ef skógræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskiplagsuppdrætti telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að núverandi og fyrirhuguð skógræktarsvæði séu sýnd á sérstöku þemakorti með aðalskiplaginu. Þannig fæst yfirsýn yfir stöðu skógræktar í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllt

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skiplagsstofnun